

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla.

1. gr.

Við viðauka I bætist eftirfarandi texti.

Hráefni	Flokksheiti
<p>Beinagrindavöðvar ¹⁾ spendýra- og fugla sem eru hæfir til manneldis ásamt meðfylgjandi eða tengdum vefjum þar sem heildarmagn fitu og bandvefs fer ekki yfir gildin sem tilgreind eru hér að neðan og þar sem kjötið er innihaldsefni í öðrum matvælum. „Kjötmarningur“ er undanskilinn þessari skilgreiningu.</p> <p>Hámarks magn fitu og bandvefs ³⁾ í innihaldsefnum sem eru tilgreind með heitinu „...kjöt“:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Spendýr (nema kanínur og svín) og blanda af mismunandi tegundum þar sem stærsti hlutinn er spendýr: <ul style="list-style-type: none"> - 25% fita, - 25% bandvefur. 2. Svín: <ul style="list-style-type: none"> - 30% fita, - 25% bandvefur. 3. Fuglar og kanínur: <ul style="list-style-type: none"> - 15% fita, - 10% bandvefur. <p>Ef farið er yfir þetta hámarks magn en öllum öðrum skilyrðum um skilgreiningu „kjöts“ er fullnægt skal aðlaga innihald „...kjöts“ að ofangreindum mörkum og skal tilgreina í innihaldslýsingu magn fitu og/eða bandvefs, til viðbótar við heitið „...kjöt“.</p>	<p>„...kjöt“, þar sem heiti ²⁾ dýrategundar eða dýrategundanna sem kjötið er upprunið af kemur fram.</p>

1) Þind og kjálkavöðvar eru hluti af beinagrindarvöðvum en hjarta, tunga, vöðvar í höfði (nema kjálkavöðvar), lappir og rófa / dindill / hali eru undanskilin.

2) Þegar um er að ræða merkingar á ensku má í stað þessa heitis koma almennt heiti innihaldsefnis sem einkennir dýrategundina sem um er að ræða.

3) Magn bandvefs er reiknað út á grundvelli hlutfallsins á milli kollagenmagns og magn kjötpróteins. Magn kollagens fæst með því að margfalda magn aínósýrunnar hýdroxýprólíns með stuðlinum 8.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 18. tölul. XII. kafla II. viðauka (tilskipun 2000/13/EB um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla, með síðari breytingum og tilskipun 2002/101/EBE um breytingu á tilskipun nr. 2000/13/EB um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir matvæli, sem hér eru á markaði og sem ekki eru í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, er veittur frestur til 1. janúar 2004 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Framleiðendum er heimilt að dreifa birgðum af matvælum sem merkt eru fyrir 1. janúar 2004 á meðan birgðir endast.

Umhverfissráðuneytinu, 6. maí 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit á Akranesi.

1. gr.

Innheimtu skv. gjaldskrá þessari er ætlað að standa straum af þeim kostnaði sem skapast við búfjárefirlit, svo sem vegna aksturs eða vinnustunda búfjárefirlitsmanns.

Árgjald fyrir eftirlit með búfénaði, sbr. samþykkt um búfjárhald á Akranesi nr. 760/1999 og lög nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal vera kr. 5.700.

2. gr.

Gjalddagi skv. 1. gr. er 1. júní og eindagi 1. júlí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

3. gr.

Komi til greiðslu viðbótarkostnaðar umfram venjubundið eftirlit með búfjárhaldi skal sá viðbótarkostnaður greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa samkvæmt sérstökum reikningi þar um.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. maí 2003.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.